

78
5. júní

L Ö G

um fyrningarsjóð ríkisins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Allar fasteignir ríkissjóðs skal telja til eignar á ríkisreikningi með fasteignamatsverði. Þeim ríkisstofnunum, sem ekki hafa sameiginlegan fjárhag við ríkissjóð, er þó heimilt að telja fasteignir sínar til eignar með kostnaðarverði.

2. gr.

Árlega ber að fyrna fasteignir ríkissjóðs, aðrar en jarðeignir, þannig, að af húsverði þeirra afskrifast af steinhúsum 1% og af timburhúsum 2%.

3. gr.

Af fyrningum þessum skal mynda sérstakan sjóð, „fyrningarsjóð ríkisins“, sem nota skal til endurbyggingar hinna afskrifuðu fasteigna.

4. gr.

Sjóður þessi skal vera í vörzlum fjármálaráðuneytisins, sem sér um ávöxtun hans, og sé hann fráskilinn ríkissjóði.

5. gr.

Nú hrekkur ekki fyrningarfé fasteignar fyrir endurbyggingu hennar, eða reisa þarf nýja byggingu, og er þá fjármálaráðherra heimilt að lána af sameiginlegu fé sjóðsins til þeirra framkvæmda, eftir því sem fé er fyrir hendi og þörf krefur. Slik lán skulu veitt til 40 ára með vöxtum, sem fjármálaráðherra ákveður í hvert skipti.

6. gr.

Í reglugerð, sem fjármálaráðherra setur, skal setja nánari reglur um bókhald fyrir sjóðinn og framkvæmd þessara laga.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við samning ríkisreiknings fyrir árið 1946.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.